



Til: byggingarfulltrui@dalir.is

Afrit: bogi@dalir.is

Efni: Re: Fw: Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, Hlíð og Búðardalur

Upplýsingar: Sent: 17.04.2018 15:07:53 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020024, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018020024

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá byggingarfulltrúanum í Búðardal, dags. 8. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Um er að ræða tillögur er varða annars vegar íbúðarsvæði í Búðardal, stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal og hins vegar frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tillögurnar með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar. Fyrri tillagan hér að framan eru breytingar á skipulagi sem er að mestu innan þéttbýliskjarnans í Búðardal og munu þær breytingar hafa lítil áhrif á náttúrufar almennt að mati Náttúrufræðistofnunar og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við þær.

Tillaga um frístundasvæði o.fl. í landi Hlíðar mun ólíklega hafa mikil áhrif á náttúrufar skv. greinargerð. Í greinargerð er hins vegar ekki að finna góða lýsingu á náttúrufari á því svæði sem um ræðir eða t.d. kort sem sýnir nákvæma staðsetningu svæðisins. Landið sem um ræðir er nú skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gera má ráð fyrir að svæðinu og staðsetningu þess verði betur lýst í deiliskipulagi. Af lýsingu á staðsetningu svæðisins að dæma og við skoðun loftmynda er það nálægt Vífilsdalsá og Laugará á grónu landi en ræktað tún er á milli Vífilsdalsár og Hörðudalsvegur eystri. Eins og fyrr segir kemur ekki fram hvar frístundasvæðið nákvæmlega er. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um neinar náttúruminjar á því svæði sem um ræðir samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif væntanlegs skipulags m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 08.03.2018 10:16:47

Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, Hlíð og Búðardalur

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 08.03.2018 10:16 -----

From: Byggingarfulltrúinn í Búðardal <byggingarfulltrui@dalir.is>

To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>

Date: 08.03.2018 10:08

Subject: Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, Hlíð og Búðardalur

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabæ

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillögur að breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 varðandi íbúðarsvæði í Búðardal, stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal og frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal.

Gögn vegna tillögu að breytingu má nálgast á meðfylgjandi slóða :

<https://www.dropbox.com/sh/t43icwe2e1799sw/AABjYE85eYdLzZSUlq5pJ6Jya?dl=0>

Athugasemdum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa að Miðbraut 11 í Búðardal eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is fyrir 20. apríl 2018.

Kær kveðja,

Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Dalabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps

Miðbraut 11 370 Búðardal Dalabyggð.

S: 430-4700 / 434-7880

byggingarfulltrui@dalir.is

